

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Sandgerðis frá 21. ágúst 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Húsavíkur
nr. 53 2. mars 1972.

1. gr.

Við lok 9. gr. bætist eftirfarandi:

Heimilt skal bæjarráði að lækka stofngjald samkv. þessari grein í sérstökum tilvikum, svo sem við byggingu fjölbýlishúss.

2. gr.

10. gr. orðist þannig:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá, og nemur hann árlega sem næst 0.20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum lína notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Árlegan vatnsskatt annarra fasteigna sbr. 3. gr. ákveður bæjarráð.

Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 1 000.00 árlega.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

3. gr.

Við lok 12. gr. bætist eftirfarandi:

Árleg leiga af vatnsmælum skal nema kr. 1 000.00.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi 10. gr. reglugerðar um Vatnsveitu Húsavíkur nr. 53 2. mars 1973.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.